

Innra mats skýrsla

Innra mat

Leikskólinn Hulduheimar

Júní 2026

Skýrsluhöfundur: Sólveig Dögg Larsen

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats.....	3
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll	4
Stjórnun og daglegur rekstur	4
Niðurstaða.....	5
Uppeldis- og menntastarf	6
Leikskólabragur	7
Innra mat.....	8
Foreldrasamstarf	9

Inngangur

Markmið gæðaráðs/innra matsteymis Hulduheima er að skólinn bæti stöðu sína kerfisbundið frá ári til árs. Hlutverk þess er að setja upp matsáætlun, safna gögnum þar sem stuðst er við gæðaviðmið Árborgar og að sjá til þess að unnið sé að umbótum

Matsteymið fundaði að jafnaði einu sinni í viku á skólaárinu en teymið skipa aðstoðarleiksskólastjóri, deildarstjóri af yngri deild, deildarstjóri af eldri deild og leiksskólakennari af eldri deild. Einnig fundaði fulltrúi foreldra með teyminu tvisvar sinnum á skólaárinu.

Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Við erum spennt að takast á við umbæturnar á næsta skólaári og að vinna að bættum gæðaprófil skólans.

Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat

Matsteymið gerði sér vinnuáætlun samkvæmt matsáætlun skólaársins þar sem verkefnin voru sett niður á mánuði. Helstu viðfangsefni fundanna voru að útbúa matslista, fara yfir kannanir og önnur gögn sem nýtast í innra matinu. Í gagnaöflun var leitað ýmissa leiða til að gefa starfsfólki, nemendum og foreldrum tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif. Þar má nefna starfsmannasamtöl, matslista fyrir starfsfólk bæði þar sem svarað var einstaklingslega eða sem hópur (s.s. á deildarfundum), rafrænar skoðanakannanir starfsfólks, broskarlamat barna, rýnihópar barna, foreldraviðtöl og foreldrakönnun Hulduheima. Einnig voru umræðuhópar starfsfólks á skipulagsdögum. Fyrirliggjandi gögn voru einnig til hliðsjónar við útfyllingu á gæðaprófil s.s. heimasíða, starfsáætlun, starfsmannahandbók, matsáætlun, aðrar áætlanir og verklagsreglur, fundargerðir, kynningarbæklingar, tölvupóstar og upplýsingar á facebooksíðum deilda. Teymið fyllti svo út í gæðaprófilinn reglulega en mest í lok skólaárs.

Niðurstöður mats

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra matsþátta sem lágu til grundvallar á skólaárinu en þeir voru samræmdir yfir alla leiksskólana.

- Stjórnun og daglegur rekstur- *skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.*
- Uppeldis- og menntastarf- *námssvið leiksskólans*
- Leiksskólabragur - *fagmennska starfsfólks*
- Innra mat- *opinber birting og umbætur*

Í lok hvers kafla kemur fram hvernig gengið hefur að vinna að umbótum frá síðustu innra mats skýrslu og hvaða atriði komast til umbóta á nýju skólaári.

Fulltrúar í matsteymi fóru yfir matsþættina, ræddu þá með öll matsgögnin til hliðsjónar og báru saman við matsviðmið í gæðahandbókinni.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi** en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat	Læsi	Sveitarfélagið
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðastæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni	Málþroski	Stjórnun
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og liðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð	Lestur	Uppeldis og menntastarf
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur	Ritun	Leikskólabragur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks			Fjölmenning	Foreldrasamstarf
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja			Félags- og samfélagslæsi	Innra mat
	Mat á námi og velferð barna				Heilsulæsi	
					Umhverfislæsi og sjálfbærni	
					Vísinda- og tálalæsi	
					Lista- og menningalæsi	
					Upplýsinga- og miðlalæsi	

Stjórnun og daglegur rekstur

Sá undirþáttur sem var metinn var *Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur*. Markmiðið var að ný skólanámskrá yrði tilbúin í lok skólaárs. Að búið væri að fara yfir breytingar á verklagi samkvæmt umbótaáætlun í lok skólaárs og að ný læsisstefna Hulduheima væri tilbúin í lok skólaárs.

Við þennan þátt voru aðeins fyrirbyggjandi gögn sem hægt var að nýta og hvað mætti sjá á heimasíðu.

Niðurstaða

Í lok skólaárs má sjá læsisstefnu Hulduheima á heimasíðu leikskólans og í starfsmannahandbókum og var þeirri vinnu lokið um áramót. Flestir umbótaþættir hafa náðst og skólanámskrá er langt komin og er stefnt á útgáfu og kynningu á henni í byrjun næsta skólaárs. Búið er að búa til eða uppfæra verklag á ýmsum þáttum í starfinu og er sýnilegt í starfsmannahandbók á öllum deildum sem er uppfærð reglulega. Form starfsáætlunar var uppfært fyrir alla leikskóla í Árborg.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Á síðasta skólaári mátu leikskólar Árborgar undirpáttinn *Faglegt samstarf* en Hulduheimar mátu alla þætti í *Stjórnun og daglegur rekstur*. Það hefur gengið vel að vinna að umbótum sem settar voru fram um þennan þátt í síðustu innra mats skýrslu. Helstu umbætur voru þessar:

- Klára endurskoðun námskrár Hulduheima m.t.t. nýrrar menntastefnu Árborgar og athugasemda í ytra mati leikskólans frá 2022. – **óklárað en langt komið**
- Skrifa nýja læsisstefnu leikskólans með hliðsjón af nýrri læsisstefnu Árborgar sem kemur út í ágúst. – **lokið**
- Innleiða læsisstefnu og vinna eftir henni- **enn í vinnslu, umbótum á að ljúka vor 2027**
- Endurskoða samráð og verklag vegna barna sem njóta sérstuðnings. –**óklárað en langt komið**
- Gera viðbrögð við slysum sýnileg á öllum deildum -**lokið**
- Unnið er eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum- **þarf að meta fyrir vor 2027 en verklag sýnilegra**
- Koma á virku samstarfi við aðila í grenndarsamfélaginu- **var bæting en er enn í vinnslu, umbótum á að ljúka vor 2027**
- Hafa betra utanumhald um móttöku nýs starfsfólks -**lokið en krefst aðhalds**
- Halda áfram að efla lýðræðisleg vinnubrögð og bæta samskipti og traust samkvæmt samskiptasáttmála- **enn í vinnslu, umbótum á að ljúka vor 2027**
- Gera verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda skýrari og að gengilegri- **ólokið**
- Uppfæra jafnréttisstefnu Hulduheima -**lokið, uppfært allir leikskólar saman, meta hvort unnið sé eftir henni vorið 2027**
- Helstu atriði úr starfsmannahandbók á allar deildir- **lokið og uppfærðar. Ýtarleg starfsmannahandbók áfram í undirbúningsherbergi starfsfólks.**

- Að foreldrar þekki áherslur í stefnu leikskólans- **metið í foreldrakönnun, metið aftur í Skólapúlsi á næsta skólaári. Verklagi um upplýsingar til foreldra lokið.**

Stjórnun og daglegur rekstur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Helstu umbætur næsta árs:

- Halda áfram umbótum sem voru ókláraðar s.s. skólanámskrá, innleiðing læsisstefnu, verklag vegna barna með sérstuðning, virkara samstarf við aðila í grenndarsamfélaginu
- Efla samskipti, samstarf og lýðræðisleg samskipti á vinnustaðnum
- Meta hvort unnið sé eftir jafnréttisáætlun og viðbrögðum við slysum.
- Að taka saman verklagsreglur um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda (samræma í Árborg?)

Uppeldis- og menntastarf

Sá undirpáttur sem var metinn var *Námssvið leikskólans*.

Matsteymi útbjó matslista sem var settur inn á deildir til að meta á deildarfundum. Matslistinn var útbúinn með viðmiðum úr gæðahandbók leikskóla Árborgar. Einnig var hægt að styðjast við fyrirliggjandi gögn s.s heimasíðu, starfsáætlun, skólanámskrá og leikskráningar.

Niðurstöður gefa til kynna að unnið sé markvisst með námssvið leikskólans að mörgu leyti en tilefni er til úrbóta s.s. eflingu læsis í víðum skilningi og uppeldis til sjálfbærni.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Á síðasta skólaári var metinn undirpátturinn *Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna*. Það hefur gengið nokkuð vel að vinna að umbótum sem settar voru fram um þennan þátt í síðustu innra mats skýrslu.

Umbæturnar voru þessar:

- Leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum í samvinnu við börnin- **Markmiðið var að einhver hluti barna taki þátt í a.m.k. einu samfélagsverkefni á ári a.m.k allar eldri deildir, umbótum á að ljúka vor 2027, endurmeta þá.**
- Leita leiða til að ná fram sjónarmiði og fá fram raddir allra barna, að börnin

komi reglulega að mati á starfinu með fjölbreyttum hætti **-lokið að mestu leyti en metið var í rýnihópum, með broskarlamati, mati á svæðum og óformlegu mati í samverustundum, leikskráningar hafa ekki gengið eins vel og þarf að bæta þann þátt enn frekar.**

- Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda **-lokið, krefst aðhalds**
- Leita eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær **-lokið, áhersla lögð á könnunaraðferðina-krefst aðhalds**

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðastæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

Helstu umbætur næsta árs:

- Halda áfram umbótum sem voru ókláraðar s.s samfélagsverkefni, leita leiða til að ná fram röddum allra barna t.d. með leikskráningum
- Vinna markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og að það endurspeglar bæði í námskrá, læsisstefnu og starfi
- Vinna markvisst að uppeldi til sjálfbærni og að það endurspeglar bæði í námskrá og starfi (samfélagsverkefni, góðgerðarstarfsemi og útinám)
- Vinna markvisst með menningu og listir í leikskólanum og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi
- Vinna markvisst með heimamenningu allra barna

Leikskólabragur

Samkvæmt matsáætlun var þátturinn *fagmennska starfsfólks* metinn en reglulega er fylgst með *starfsánægju* og *velferð og líðan barna*. Því var ákveðið að meta þá þætti einnig í gæðaprófilnum.

Til að meta þáttinn fagmennska starfsfólks útbjó matsteymið matslista sem starfsfólk útfyllti rafrænt. Matslistinn var útbúinn með viðmiðum úr gæðahandbók leikskóla Árborgar. Niðurstöður voru ræddar á stjórnendafundi. Mood-up könnun var send starfsfólki reglulega yfir skólaárið og þar komu inn liðir sem eiga við þennan matsþátt. Einnig voru ákveðnir hlutir ræddir í starfsmannasamtölum s.s. samstarf og símenntunaróskir. Niðurstöður voru nokkuð góðar og benda til að starfsfólk er langflest

ánægt með markmið og stefnu leikskólans og hefur faglegan metnað. Það sem helst má bæta er samstarf milli deilda.

Gögn sem nýtt voru til að meta starfsánægju voru Mood-up kannanir sem sendar voru út reglulega yfir skólaárið og starfsmannasamtöl deildarstjóra og leikskólastjórna. Starfsánægjan breyttist nokkuð yfir skólaárið og mældist mest í apríl og þá voru einnig viðtöl með leikskólastjórnendum. Mikið hefur verið gert til að bæta starfsandann og er tilefni til að gera enn betur.

Gögn sem nýtt voru til að meta velferð og líðan barna voru leikskráningar, matsfundir barna (rýnihópar, broskarlamat, mat á svæðum og óformlegt mat í samverustundum). Einnig voru ýmsir verkferlar bættir sem má sjá í starfsmannahandbókum, eins var fræðslu haldið uppi á starfsmannafundum um agastefnu og Vináttu og sköpuðust þá umræður. Deildarfundir snúast oft og iðulega einnig um að ræða velferð og líðan barnanna.

Niðurstöður benda til að börnunum líður oftast mjög vel í Hulduheimum, starfsfólk hlustar á börnin og aðstoðar við að leysa ágreiningsefni (félagsfærniþjálfun, agastefna). Það sem mætti bæta eru að samræma reglur enn frekar svo að samræmi sé milli deilda og einnig má halda áfram að aðstoða og styðja starfsfólk í að bregðast við krefjandi hegðun af fagmennsku.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Þessi liður var ekki í umbótaáætlun á þessu skólaári.

Leikskólabragur
Viðmót og menning
Velferð og líðan barna
Hlutverk leikskólakennara
Fagmennska starfsfólks
Starfsánægja

Helstu umbætur næsta árs:

- Bæta samstarf milli deilda sérstaklega á sama gangi (yngri vs eldir deildir)
- Tryggja samræmt verklag allra deilda
- Bæta enn frekar verklag vegna krefjandi hegðunar og tryggja öryggi starfsfólks varðandi starfshætti og verklag
- Bæta enn frekar starfsandann og samskipti á vinnustaðnum

Innra mat

Hér var þátturinn *opinber birting og umbætur* metinn.

Markmiðið með þessu mati var að tryggja að innra matið sé opinbert. Að niðurstöður séu skýrar og birtar í innra mats skýrslu á heimasíðu leikskólans auk þess sem starfsfólki séu kynntar niðurstöður jafnóðum. Einnig átti að kanna hvort starfsfólk og foreldrar teldu að innra matið leiði til umbóta. Foreldrar voru spurðir í foreldrakönnun og töldu rúm 70% að innra mat leiði til umbóta, 21% vissi það ekki og 7% sögðu nei. Starfsfólk var spurt í endurmati haustannar þar sem starfsfólk deilda taldi að innra matið leiði til umbóta. Önnur gögn sem lágu til grundvallar þegar metið var í gæðaprófil var heimasíða og fundargerðir stjórnendateymis en þar koma reglulega fram niðurstöður úr innra mati og tillögur að úrbótum, oft eru úrbætur gerðar þegar í stað.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Þessi liður var ekki í umbótaáætlun á þessu skólaári

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

Helstu umbætur næsta árs:

- Kynna betur fyrir foreldrum þegar innra mat hefur leitt til umbóta
- Í foreldrakönnun eða á öðrum vettvangi, spyrja hvort foreldrar geti nefnt dæmi um umbætur sem voru gerðar í kjölfar innra mats

Foreldrasamstarf

Á síðasta skólaári var foreldrasamstarf metið og komust nokkrir þættir þar til umbóta á þessu skólaári. Undirþættirnir voru: *Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.*

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Ágætlega gekk að vinna að umbótum sem sett voru fram um þennan þátt en tilefni er til að gera enn betur. Umbótaþættirnir voru þessir:

- Foreldrar hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess og foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans- **lokið að einhverju leyti, umbótum á að ljúka vorið 2027**
- Foreldraráð fundar reglulega, hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur. Fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu- **lokið að mestu nema fundargerðir á heimasíðu. Umbótum á að ljúka vorið 2027**

- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði- **lokið að mestu, mætti vera meira samráð, umbótum á að ljúka vorið 2027**
- Skipulagt verklag þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál og meðferð viðkvæmra upplýsinga. **-lokið, má sjá í starfsmannahandbókum**
- Foreldrar ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum. – **Ólokið en búið að búa til samræmt verklag allra deilda um upplýsingaflæði til foreldra sem má sjá í starfsmannahandbókum, meta ánægju í skólapúlsi á næsta skólaári en umbótum á að ljúka vorið 2027.**
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans- **Ólokið. Endurnýjun skólanámskrár er ekki lokið, verður kláruð haustið 2026 og kynnt fyrir foreldrum á nýju skólaári, þá verður spurt um ánægju. Skólapúlsinn lagður fyrir á komandi skólaári. Umbótum á að ljúka vorið 2027.**
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum á heimasíðu leikskólans- **Umbótum á að ljúka vorið 2027, þarf að vera miðlæg ákvörðun.**
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns- **umbætur voru að skýra verkferla þegar kemur að sérstuðningi og kynna þá vel fyrir starfsfólki og foreldrum, þeim er ólokið. Skólapúlsinn lagður fyrir á komandi skólaári. Umbætur eiga að klárast vorið 2027**
- Aðbúnaður barnanna er góður að mati foreldra- Þarna var aðallega liðurinn hollt mataræði sem kom ekki vel út- **Foreldraráð tók að sér að skoða málið en ákvarðanir liggja hjá sveitarfélaginu, starfsfólk og stjórnendur leikskólans reyna að bæta eftir því sem er á sínu valdi. Skólapúlsinn lagður fyrir á komandi skólaári. Mati á að ljúka vorið 2027.**
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann- **Verklag um samskipti og upplýsingar til foreldra lokið, metið í skólapúlsi á næsta skólaári.**

Haldið verður áfram að vinna að umbótaþáttum og endurmeta í gæðaprófil þegar Skólapúlskönnun liggur fyrir.

Umbótaáætlun/ aðgerðaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli og **þá er miðað við að allir þætti sem ekki ná mjög góðu verklagi** fara í umbótaferli. Umbætur geta varað í nokkra mánuði og allt upp í tvö, jafnvel þrjú ár. Mikilvægt er að umbótum séu sett viðmið um árangur, ábyrgðaraðila og aðgerðatímabilið sé skilgreint. Gæðaviðmið og skólaprófíll fyrir leikskóla má sjá á heimasíðu Árborgar undir Menntastefnu.

Flokkur-Stjórnun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Stjórnenda-teymi samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðipjónustu	Klára grunnverk-lag og kynna vel fyrir öllu starfsfólki	Sérkennslu -stjóri og stjórnendur	Haust 2025	Lok árs 2026	Fyrirliggjandi gögn Endurmat haustannar	Að allt starfsfólk sem kemur að málefnum barna með sérstuðning þekki það verklag sem gildir. Að sama skýra grunn verklag gildi þó þarfir einstaklinga geti verið ólíkar
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið er eftir verklags-reglum um móttöku nýrra starfsmanna	Halda áfram að bæta mót-tökur og halda tímaáætl.	Stjórnenda-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Á stjórnendafundum reglulega	Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Árborgar. Að allt nýtt starfsfólk fari í gegnum ferlið eins og það er lagt upp með.

Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Persónu-upplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum	Setja lás á púltin og læsa eftir daginn	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Des 2026	Á stjórnendafundi lok árs 2026	Að allar upplýsingar sem ekki varða öryggi barna (s.s. ofnæmi) séu í læstum hirslum eða skráum í tölvum. Að sem fæst gögn sem innihalda persónuupplýsingar séu sýnileg inni á deildum
Faglegt samstarf	Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólan.	Halda áfram að efla lýðræðisleg vinnubrögð m.teymis-vinnu, reglulegum örsamtölum ofl.	Stjórnenda-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Örsamtöl starfsfólks Einstaklingsmat starfsfólks (Mood-up eða annað) Stjórnendafundir Innra mat barna	Að meirihluti starfsfólks (95% >) upplifi að það fái að hafa áhrif á starfið og koma skoðunum sínum á framfæri. Að nemendur fái að hafa áhrif á starfið Gæðaviðmið leikskóla Árborgar
Faglegt samstarf	Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila	Halda áfram að efla samskipti og traust samkv. Samskipta-sáttmála t.d. með reglulegum örsamtölum og eflingu stjórnendat.	Stjórnenda-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Örsamtöl starfsfólks Starfsmannasamtöl Einstaklingsmat starfsfólks (Mood-up eða annað) Stjórnendafundir	Samskiptasáttmáli Hulduheima Að meirihluti starfsfólks (95% >) telji að samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila

Faglegt samstarf	Virkt samstarf er við aðila í grenndar-samfélaginu	Taka upp virkt samstarf við Sunnulækjars. Taka upp samstarf við Vinaminni um heimsóknir Leita fleiri leiða til samstarfs við aðila í grenndarsamf.	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundir	Að virkt samstarf sé a.m.k við eina stofnun í grenndarsamfélaginu á hverju skólaári
Flokkur-Uppeldis og menntast.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Börnin koma reglulega að mati á leikskólast./ Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna	Grípa fleiri tækifæri til óformlegs mats t.d í samveru Efla leik-skráningar með því að einfalda aðgengi og gefa þeim rými	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Endurmat haustannar Börn meta haust og vor Deildarfundir (leikskráningar) Matsteymi kannar fyrirliggjandi gögn	Að börn úr 3 elstu árgöngum komi að innra mati (eftir getu og þroska) a.m.k þrisvar sinnum yfir skólaárið. Að með leikskráningum sé verið að leitast eftir að skilja líðan, þarfir og sjónarmið allra barna

Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu	Efla leikskráningar (sjá fyrri) Nota meira sjónrænar vísbendingar Efla- <i>Gefðu 10</i> Matsteymi kallar eftir leikskr. og skoðar	Stjórnenda -teymi	Haust 2026	Vor 2027	Endurmat haust og vor Deildarfundir (leikskráningar) Stjórnendafundir Matsteymi kannar fyrirliggjandi gögn	Að leikskráningar séu gerðar reglulega á öllum deildum, að þær nái yfir alla nemendur og séu ræddar á deildarfundum, að starfsfólki sé ljóst að með leikskráningum sé verið að leitast eftir að skilja líðan, þarfir og sjónarmið allra barna
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Í samvinnu við börn er leitast við að taka þátt í samfélags- verkefnum	Að a.m.k elstu börn taki þátt í samfélags- verkefni á skólaárinu.	Stjórnenda -teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundir	Að einhver hluti barna taki þátt í a.m.k einu samfélagsverkefni á skólaári
Námssvið leikskólans	Unnið er markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi...	Deildir fara yfir verklag og innleiða þætti í læsisstefnu sem ekki eru þegar inni s.s ritmál sýnilegt	Stjórnenda -teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundir Endurmat haustannar	Að unnið sé eftir læsisstefnu Hulduheima á öllum deildum
Námssvið leikskólans	Unnið er markvisst að því að efla	Deildir fara yfir verklag og innleiða þætti	Stjórnenda -teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundir Endurmat	Að unnið sé eftir læsisstefnu Hulduheima á öllum

	heilbrigði og vellíðan...	í læsisstefnu sem ekki eru þegar inni				haustannar	deildum
Námssvið leikskólans	Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni...	Deildir fara yfir verklag og innleiða þætti í læsisstefnu sem ekki eru þegar inni Efla útinám	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundur Endurmat haustannar	Að unnið sé eftir læsisstefnu Hulduheima á öllum deildum
Námssvið leikskólans	Unnið er markvisst með menningu í leikskólanum...	Deildir fara yfir verklag og innleiða þætti í læsisstefnu sem ekki eru þegar inni Taka þátt í fjölmennningar viku Árborgar	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundur Endurmat haustannar	Að unnið sé eftir læsisstefnu Hulduheima á öllum deildum
Námssvið leikskólans	Unnið er markvisst með heima-menningu allra barna	Ferðabangsi-allar deildir Verkefni tengd fjölmenningar viku	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundur Endurmat vorannar	Að unnið sé eftir læsisstefnu Hulduheima á öllum deildum

Flokkur-Leikskóla-bragur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Velferð og líðan barna	Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær. Börnin eru þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við	Skoða grunnreglur á deildum skriflegar og óskriflegar-samræma, Hafa fáar og einfaldar reglur sem eru sjónrænar og skýrar.	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendafundir Endurmat haustannar Rýnihópur barna	Að börn þekki reglur leikskólans og að þau fái að koma með sitt sjónarmið á þeim (eftir aldri og þroska) Að grunnreglur séu samræmdar svo að sanngirni ríki Elstu börn taka þátt í að búa til reglur í ART
Velferð og líðan barna	Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir og ræðir við börn/ Brugðist við hegðun af fagmennsku/ Börn fá ígrundað hrós og hvatningu	Reglulegri endurgjöf til starfsfólks, ásamt fræðslu og faglegri umræðu á deildar- og starfsmannafundum	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Einstaklingsmat starfsfólks (rafræn könnun) Stjórnendafundir Endurmat haust Rýnihópar barna	Að börnunum líði vel í leikskólanum og séu ánægð með hann. Að samskipti starfsfólks við börn einkennist af virðingu, viðurkenningu og hvatningu. Samskiptasáttmáli og Agastefna Hulduheima, Vinátta Viðmið í gæðaprófil

Velferð og líðan barna	Börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum	Hafa lausnir við vandamálum myndrænar og nálægar svo börnin geti frekar nýtt sér þær	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Endurmat haust Rýnihópar barna Sýnileg gögn	Að börnin hafi verkfæri við úrlausn vandamála, séu hvött til að nota þau og fá aðstoð ef þörf.
Fag-mennska starfsfólks	Samstarf og samábyrgð innan deilda er sýnilegt og farvegur er fyrir samstarf milli deilda	Passa að deildarfundir séu haldnir reglulega og þeir nýttir vel, reglulegt samráð deildarstj. og samvinna deilda meiri	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027		Að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild, sé samhent og til í að hjálpast að. Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað. Samskiptasáttm.
Starfs-ánægja	Starfsfólki líður vel í vinnunni, telur sig metið að verðleikum.	Markviss endurgjöf m.örviðtölum, fræðsla og umræður, hafa gaman í vinnunni	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Einstaklingsmat (Moodup eða önnur rafræn könnun) Örsamtöl, starfsmannasamt.	Að hlúð sé vel að starfsfólki og starfsandanum svo að starfsfólki líði vel. Að jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Jafnréttisstefna, Samskiptasáttmáli

Flokkur- Foreldra- samstarf	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Þátttaka foreldra í leikskóla-starfinu og upplýsinga miðlun/foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans	Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskóla-starfinu og þróun þess	Að bjóða foreldrum að taka þátt í könnun með einhverjum hætti ef það á við Ferðabangsi-foreldrar skrifa í bók Hvetja foreldra til þátttöku í viðburðum	Stjórnenda-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórnendafndir Endurmat haust og vor Foreldrakönnun Skólapúlsins	Að 85% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) upplifi að þeir séu hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. Að allar deildir bjóði upp á foreldraheimsóknir á deildina til að taka þátt í starfi a.m.k 1x á önn Að 80% eða fleiri foreldrar séu sáttir við tímasetningu viðburða þannig að þeir geti sótt þá. Að meira en 50% foreldra á hverri deild taki þátt í viðburðum á vegum deildar eða skólans í heild.
Flokkur- Innra mat	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Opinber birting og umræður	Starfsf. og for.geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur v.innra mats	Kynna vel þegar umbætur eru gerðar í kjölfar innra mats	Stjórnenda-teymi	Haust 2026	Vor 2027	Foreldrakönnun	Að margir foreldrar og starfsfólk nefni dæmi um umbætur sem voru gerðar í kjölfar innra mats